

Árið 2015, miðvikudaginn 18. febrúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Guðjóni St. Marteinsyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-1031/2013: Ákærvaldið gegn X en málið var dómtekið 29. f.m.

Málið er höfðað með ákæru sérstaks saksónara, dagsettri 28. október 2013, á hendur:

„X

aðallega fyrir fjárdrátt með því að hafa 25. apríl 2005, í starfi sínu sem stjórnarformaður Y kt. 000000-0000 (nú Yy), dregið sér af fjármunum Y 2.875.000.000 íslenskra króna sem hann ráðstafaði til Z eignarhaldsfélags, kt. 000000-0000 (nú Z). Nánar tiltekið lét ákærði 22. apríl 2005 millifæra 46.500.000 bandaríkjadali af bankareikningi Y nr. [...] í útibúi Danske Bank í New York í Bandaríkjunum inn á bankareikning Y nr. [...] í W., sem ákærði hafði látið stofna 17. apríl 2005, en samkvæmt sérstöku umboði, sem barst síðastnefndum banka 20. apríl 2005, hafði ákærði fullt og ótakmarkað umboð til ráðstafana á fjármunum félagsins á þeim bankareikningi. Hinn 25. apríl 2005 var 45.864.241,84 bandaríkjadöllum skipt yfir í 2.875.000.000 íslenskra króna í gjaldeyrisviðskiptum á áðurnefndum reikningi Y í W S.A. Sama dag lét ákærði millifæra 2.875.000.000 króna af sama bankareikningi yfir á bankareikning Z eignarhaldsfélags. nr. [...] í sama banka en ráðstöfunin var ekki í þágu Y eða hluti af lögskiptum félagsins. Millifærslan var framkvæmd án vitundar, og þar með samþykkis, þáverandi forstjóra, fjármálastjóra og annarra meðlima í stjórn Y en ákærða. Sama dag var fjárhæðinni skipt yfir í 260.889.292,20 danskar krónur og 375.000.000 danskra króna millifærðar af sama reikningi Z eignarhaldsfélags yfir á bankareikning þáverandi eiganda Ð.

Til vara fyrir umboðssvik með því að hafa með framangreindri háttsemi misnotað þá aðstöðu sem hann fékk í krafti umboðs til ráðstöfunar á fjármunum Y. á bankareikningi félagsins nr. [...] í W og valdið Y verulegri fjártjónshættu með einhliða ráðstöfun fjármuna félagsins til Z eignarhaldsfélags án þess að gera nokkrar ráðstafanir til að tryggja hagsmuni Y. en ráðstöfunin var ekki þáttur í viðskiptum félagsins.

Háttsemi ákærða telst aðallega varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara við 249. gr. sömu laga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Röksemdir sem málsóknin er byggð á, sbr. d-lið 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.“

Verjandi ákærða krefst sýknu og að allur sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun, verði greidd úr ríkissjóði.

Samkvæmt gögnum málsins má rekja upphaf málsins til 29. janúar 2009 er lögreglan fundaði með skattrannsóknarstjóra vegna rannsóknar á ætluðum skattalagabrotum ákærða. Rannsóknarvinnu í kjölfarið er lýst í gögnum málsins en teknar voru skýrslur af ákærða og fjölda vitna undir rannsókninni. Ekki þykir ástæða til að rekja hana frekar hér.

### **Nú verður rakinn framburður ákærða og vitnisburður fyrir dómi.**

Ákærði neitar sök. Hann kvaðst ekki skilja hvers vegna hann sæti ákæru vegna atviks sem hann kannist ekki við og ekkert fjártjón hefði hlotist af. Hann kvaðst engar skýringar hafa fengið á því hvernig hann ætti að hafa gerst brotlegur við lög. Hann tók fram að hann hefði aldrei gefið fyrirmæli um ráðstöfun fjármuna Y af reikningi félagsins í W til handa Z. Þá kvað hann yfirlit málsins sýna að Z hefði ekki fengið fjármuni beint frá Y og ákærði hefði aldrei fengið í hendur yfirlit frá bankanum um slíka ráðstöfun fjáris. Ákærði kvað gögn sem ákæruvaldið leggi til grundvallar ákæru vera innanhússgögn og vinnugögn frá W. Þau gögn geti ekki verið bindandi gagnvart Y. Þá greindi ákærði frá hagsmunum sínum á þessum tíma vegna eignarhalds síns á Y. Hann kvaðst í apríl 2005 og fram á sumar það ár hafa verið stærsti hluthafi félagsins með um 30% hlutfjár. Hann greindi frá markaðsvirði félagsins á þessum tíma og í því sambandi hagsmunum sínum sem hann hefði teflt í tvísýnu með háttseminni sem honum er gefin að sök samkvæmt ákæru. Hann kvað hagsmuni sína og hagsmuni félagsins hafa farið saman og hann skilji ekki hvernig nokkrum detti í hug að hann hefði viljað stofna fjármunum Y í hættu eins og ákært sé fyrir og að láta millifæra peninga út í loftið án skjala, lánasamninga eða skuldaviðurkenninga. Hann kvaðst hafa aukið hlut sinn í félaginu hinn 21. júní 2005 og spurði hvers vegna hann hefði átt að auka hlut sinn í félaginu á sama tíma og hann ynni því tjón af ásetningi. Ákærði kvaðst aldrei hafa haft neina hagsmuni af rekstri Z eða afkomu þess félags og vísaði ákærði í þessu sambandi til röksemdakafla ákæru þar sem segir að ekki verði séð að ákærði hafi á þeim tíma eða öðrum haft nokkur formleg tengsl við starfsemi Z. Ákærði tók fram að samkvæmt ákærunni hafi millifærslan sem um ræðir átt sér stað hinn 25. apríl 2005 en þess sé ekki getið í ákærunni að reikningurinn sem um ræðir hafi verið samþykktur til opunar af W hinn 27. sama mánaðar eða tveimur dögum síðar. Ákærði bar að hafi millifærslan af reikningi Y til Z hinn 25. apríl 2005 átt sér stað væri það á ábyrgð bankans. Starfsmönnum bankans hafi verið óheimilt að millifæra fjármuni af reikningi sem ekki hafi verið samþykktur til opunar af bankanum. Hann kvaðst þannig ekki koma þessum hlutum saman og ekki skilja hvernig

millifærslan á að hafa getað gerst. Hann kvað hafa verið lagðan fyrir sig fjölda skjala frá árinu 2005 undir rannsókn málsins sem hann á að hafa undirritað. Ákærði kvaðst hafa marglýst því við rannsókn málsins að hann myndi ekki nú hvort hann undirritaði þessi 10 ára gömlu skjöl, auk þess sem hann telji skjölin ekki tengjast sakarefninu. Ákærði kvað svo virðast sem ákærvaldið geri sér grein fyrir þessu þar sem í greinargerð til Hæstaréttar vegna kæru um frávísun málsins segi: „Af lágmarksathugun á gögnum málsins má sjá að nákvæmar upplýsingar um atvik kringum millifærsluna, t.d um hvernig og hverjum ákærði gaf fyrirmæli um að framkvæma hana, komu ekki fram með óyggjandi hætti við rannsókn málsins.“ Ákærði kvað þetta rétt. Ekkert undir rannsókn málsins hafi leitt í ljós fyrirmæli um þessi atriði frá sér. Ákærði kvað fjármuni Y hafa verið flutta af reikningi í W til ávöxtunar. Það hefði verið gert með vitneskju allra helstu stjórnanda Y og Q, þar á meðal A, B, C, D og E. Hugmyndir um að ákærði hefði talið sig geta látið fjármuni félagsins hverfa sé út í hött. Notkun fjárens sem um ræðir hafi verið rekjanleg og hún ekki getað horfið. Þá kvað ákærði W fyrir löngu síðan hafa staðfest að fjármunirnir hefðu verið félaginu til reiðu allan tímann. Vísaði ákærði í þessu sambandi til staðfestingar W til endurskoðanda Y frá 16. mars 2006 en þar senda þeir I og Í, sem báðir voru framkvæmdarstjórar W á þessum tíma staðfestingu þess að fjármunirnir á reikningi Y hafi verið til reiðu til úttekta hvenær sem er. Þetta sé staðfesting þess að engin fyrirmæli um millifærslu hafi borist.

Ákærði kvað reikningsskilmála W kveða á um það að svokölluð Account Statement, eða reikningsyfirlit væru tæmandi lýsingu á viðskiptum viðkomandi reikningseiganda við bankann kæmi ekki fram athugasemd innan 30 daga eins og kveðið er á um í reikningsskilmálunum. Komi færsla ekki fram á Account Statement þá sé hún ekki bindandi fyrir viðskiptavin. Hann kvað enga færslu fjármuna frá Y til Z koma fram á reikningsyfirlitum W til Y vegna bankareikningsins sem um ræðir. Ákærði taldi málatilbúnað ákærvaldsins þannig byggðan á misskilningi eða mistökum. Hann kvað ákærvaldið byggja á öðrum gögnum en þeim sem voru bindandi fyrir Y enda hafi félagið ekki verið bundið af öðrum færslum en þeim sem fram komu á reikningsyfirlitum sem að ofan voru nefnd.

Ákærði var starfandi stjórnarformaður Y á þeim tíma sem í ákæru greinir. Vísaði hann í fundargerð stjórnarfundar Q frá 17. janúar 2005. Um hlutverk sitt vísaði hann í fundargerðina þar sem segir að hann eigi að „einbeita sér að útrás og viðskiptaþróun félagsins“. Hann lýsti starfi sínu sem starfandi stjórnarformanns en Y hafi verið almenningshlutafélag sem skráð var á markað. Ákærði kvaðst ekki vita um nein tengsl eða samstarf Y og Z eða af gagnkvæmum lánaveitingum.

Ákærði kvað hafa verið tilkynnt 14. mars 2005 að Z hefði í hyggju að kaupa Ð félagið. Ákærði hefði eins og aðrir heyrt þetta í fréttum. Hann lýsti umróti á markaði í Skandinavíu á þessum tíma og því er það mál var rætt á stjórnarfundum Y hinn 11. apríl 2005. Hann mundi ekki til þess að komið hefði til skoðunar innan Y að félagið tæki þátt í kaupum Z á Ð.

Ákærði var spurður hvers vegna fjármunirnir voru millifærðir af reikningi Y á reikning Z hinn 25. apríl 2005 eins og lýst er í ákærinni. Vísaði ákærði í framburð sinn hér að framan um að engin slík bindandi millifærsla hefði átt sér stað.

Meðal gagna málsins eru skjöl sem sýna að Z tók lán hjá W í júní 2005 þar sem tilgreint var í viðauka við lánasamninginn að andvirði lánsins skyldi ráðstafað inn á reikning Y. Ákærði kvaðst ekki hafa upplýsingar um þetta.

Ákærði kvað bankareikninginn nr. [...] í W hafa verið opnaðan til að ávaxta fjármuni félagsins og nota til mögulegra fjárfestinga. Ákærði mundi ekki eftir undirritunum skjala vegna stofnunar reikningsins en kvað nafnritun á skjölunum líkjast sinni undirritun. Hann mundi ekki hvort reikningurinn hefði verið stofnaður að sínu frumkvæði en tók fram að Y hefði verið í miklum viðskiptum við Kaupþing banka á þessum tíma. Ákærði nefndi dæmi um þau samskipti.

Meðal gagna málsins er umboð til ákærða sem D veitti honum til ráðstöfunar eigna Y á reikningum í W. Ákærði kvaðst ekki muna eftir þessu skjali en tók fram að ekkert komi fram í skjalinu út á hvað það gangi. Í skjalinu komi hvorki fram nafn Y né reikningsnúmer og hann viti ekki hvort skjalið tengist reikningum sem í ákæru greinir. Hann gat ekki skýrt hvers vegna umboðið var gefið út. Hann mundi ekki eftir því að hafa beðið D um að gefa umboðið út. Hann viti ekki hvort Y hafi á þessum tíma átt aðra bankareikninga hjá W.

Ákærði var spurður um 46,5 milljóna dollara millifærslu af bankareikningi Y í útibúi Danske Bank í New York inn á bankareikning félagsins í W hinn 22. apríl 2005 sem lýst er í ákærunni. Ákærði kvaðst ekki hafa haft þessa millifærslu á sinni könnu. Hann mundi ekki eftir tölvupóstum vegna þessarar millifærslu enda hafi hann fengið allt að 300 tölvupósta á dag. Ákærði var spurður um tölvupóst sem Í hjá W sendi honum vegna reikningsins sem hér um ræðir. Ákærði mundi ekki eftir póstinum eða samskiptum vegna hans. Aðspurður kvaðst ákærði ekki hafa rætt við Í hjá W um mögulega þátttöku Y í kaupum Z á Ð og ákærði kvaðst enga hugmynd hafa haft um það hvort Í hafði það hlutverk innan W að leiða þau viðskipti til lykta.

Borið var undir ákærða skjal sem af hálfu ákæruvaldsins er talið sýna raunverulegt yfirlit allra færslna á bankareikningnum sem um ræðir í W, meðal annars að fjárhæðinni sem um ræðir hafi verið skipt þennan dag í íslenskar krónur, eins og lýst er í ákærunni. Ákærði var spurður hver hefði ákveðið að skipta fénu í íslenskar krónur. Ákærði kvaðst ekkert kannast við viðskiptin sem lýst var. Hann hefði ekki látið millifæra fjármunina á reikning Z eins og hann sé ákærður fyrir og hann hafi engar upplýsingar um millifærsluna og hann hafi ekkert með hana að gera. Þá kvað ákærði skjalið sem um ræðir vera innanhúsvinnuskjal bankans og hafi ekki verið bindandi yfirlit og ekkert haft með Y að gera.

Fyrir liggur fjárvörslusamningur milli Y og W, dagsettur 25. apríl 2005, er varðar millifærslu 2.875.000 króna inn á reikning Y sem í ákærunni greinir. Afrit samningsins fannst við húsleit á heimili ákærða og sýnist samningurinn undirritaður af ákærða sem kvaðst ekki muna eftir undirritun skjalsins en undirritunin væri mjög lík sinni. Skjalið er óundirritað af hálfu bankans. Ákærði kvað þetta ekkert rifja upp fyrir sér og kvaðst enga grein geta gert fyrir fjárvörslusamningnum en benti á að engin gögn frá bankanum væru til staðar sem gæfu til kynna að samningurinn hefði orðið virkur eins og kveðið sé á um í samningnum.

Fyrir liggur tölvupóstur frá C til ákærða, dagsettur 3. maí 2005, þar sem spurt er um greiðslu félagsins að fjárhæð 46,5 milljónir dollara inn á reikning Y í Lúx til að geta fært greiðsluna í bækur félagsins. Ákærði svaraði því í tölvupósti að þetta væri handbært fé. Ákærði kvað þennan póst sýna að á þessum tíma hefði hann ekki haft aðrar upplýsingar en þær að féð sem um ræðir hafi verið handbært félaginu.

Fyrir liggja tölvupóstar um samskipti ákærða og J í maí og júní 2005. Þar er m.a. rætt um Lúx-mál. Ákærði var spurður út í þau samskipti og kvað hann hugsanlegt að þau vörðuðu félag ákærða sem hét Ö og J hefði verið í forsvari fyrir en félagið hefði verið með viðskipti í W ásamt tveimur öðrum félögum sem voru fjármögnuð þar. Ákærði mundi ekki eftir efni samskiptanna í smáatriðum en þeir J voru í stöðugum og miklum tölvusamskiptum á þessum tíma.

Ákærði var spurður út í tölvupóst sinn til Í í W, dagsettan 13. júní 2005. Ákærði kvaðst ekki muna eftir þessum pósti og gat ekki skýrt efni hans öðruvísi en svo að hann varðaði þau verkefni sem verið var að vinna með W á þessum tíma. Tölvupósturinn gæti varðað margt, bæði varðandi Y eða Yx en um þremur vikum síðar hefði félagið keypt viðbótareignarhlut í Easy Jet. Ýmis önnur viðskipti voru í gangi. Ákærði kvaðst ekki geta ímyndað sér að þessi tölvupóstur varðaði sakarefni málsins.

Ákærði var spurður hvort hann myndi eftir samskiptum sínum við B og C er varðaði viðleitni þeirra til að fá upplýsingar um reikning Y í W. Hann kvaðst ekki muna eftir einstökum samskiptum en samskiptin við þau voru mikil á þessum tíma vegna ýmissa mála. Hann kvaðst vafalaust hafa aðstoðað þau við hvaðeina sem var á hans valdi.

Ákærði kvaðst aldrei hafa fengið upplýsingar um það að fjármunirnir sem í ákæru greinir væru ekki inni á reikningi Y í W.

Ákærði kvaðst ekki hafa óskað eftir því við Í og I hjá W að upplýsingagjöf um reikninginn ætti að takmarkast við ákærða eða vera háð samþykki hans. Auk þess hafi hann ekki getað gefið starfsmönnum bankans slík fyrirmæli.

Fyrir liggur tölvupóstur frá ákærða, dagsettur 28. júní 2005, til I þar sem ákærði gefur upp eban-reikningsnúmer reiknings í eigu Y hér á landi vegna erlendrar millifærslu, auk þess sem ákærði gefur upp fjárhæðina USD 46.741.125. Spurður um það hverju hann hafi verið að koma á framfæri við I kvaðst ákærði ekki muna sérstaklega eftir þessum pósti en taldi að hann væri að miðla upplýsingum og koma einhverju á framfæri og aðstoða við mál sem hann mundi ekki nú hver voru. Hann mundi ekki eftir aðdraganda þessa eða samhengi að öðru leyti.

Meðal gagna málsins er lánasamningur, dagsettur 30. júní 2005, þar sem Z er lántaki og W lánveitandi en lánið er að fjárhæð 46,5 milljónir dollara. Ákærði vissi ekki um atvik að baki þessa samnings. Í samningnum er ákærði tilgreindur sem ábyrgðarmaður ásamt F. Ákærði kvaðst ekki geta skýrt hvers vegna þetta er með þessum hætti. Meðal gagna málsins er ábyrgðarsamningur, dagsettur 30. júní 2005, sem ákærði sýnist hafa undirritað, en samningurinn varðar ábyrgð á láni W til Z að fjárhæð 46,5 milljónir dollara. Ákærði mundi ekki eftir undirritun sinni en

skjalið fannst við húsleit á þáverandi heimili ákærða.

Ákærði kvaðst ekki vita hvers vegna Z greiddi 46,5 milljónir dollara inn á reikninga Y 30. júní 2005.

Vitnið D var einn af framkvæmdarstjórum Y frá því í apríl 2005 auk þess að vera einn af prókúruhöfum félagsins. Hann lýsti starfssviði sínu. Hann kvaðst ekki hafa gefið nein fyrirmæli eða vitað neitt af millifærslunum sem lýst er í ákærrunni og sér hafi ekki verið kunnugt um fjármagnsflutningana er þeir áttu sér stað. Hann var spurður út í tilurð ódagsetts umboðs sem hann gaf út fyrir ákærða vegna reiknings í W. D kvað ákærða hafa komið með óútfyllt skjalið og óskað eftir því að gengið yrði frá opnun bankareiknings í W með það fyrir augum að reikningurinn yrði nýttur til fjárfestingastarfsemi erlendis. D kvað aðalfund skömmu fyrr hafa sett ákærða sem fyrirsvarsmann fyrir útrás og fjárfestingar og hafi hann þannig talið sig vera að fylgja þessum vilja félagsins eftir er ákærði bar erindið upp við hann. Einar vissir ekki hvers vegna nafn Y kom ekki fram á umboðinu. D kvað einhver skjöl hafa fylgt með er umboðið var gefið. Hann kvað mjög langt um liðið en taldi skjölin hafa varðað skilmála reikningsins sem um ræðir og kvaðst hann hafa talið að hann hefði opnað bankareikning félagsins í W og virkjað hann. D kvaðst hafa látið forstjóra og fjármálastjóra félagsins vita af reikningsstofnuninni. D kvaðst ekki hafa skilið málið svo á þessum tíma að ákærði einn ætti að hafa aðgang að reikningum sem skjalið varðar. D kvaðst ekki hafa gert annað en að rita undir umboðið en ákærði hefði fengið gögnin í hendur eftir það. D kvaðst hinn 28. júní 2005 hafa gefið út umboð fyrir C, fjármálastjóra Y, til að fá aðgang að upplýsingum um reikning félagsins í W. D kvað aðdraganda umboðsins hafa verið þann að áður hefðu komið upplýsingar frá bankanum um að vitnið gæti fengið upplýsingar um reikninginn. D kvaðst hafa heyrt um innlögn á Z í fréttum. Hann viti ekki hvort ákærði lét millifæra fjármunina á Z hafi það verið gert.

Vitnið I var framkvæmdastjóri hjá W á þessum tíma. Hann var spurður um hlutverk W í kaupum Z á Ð og starfi hans þar að lútandi. Hann kvaðst hafa haft takmörkuð afskipti af þessu þar sem sérstök deild innan bankans annaðist slík verkefni og G lögfræðingur hafi annast þau störf fyrir þá deild bankans. Hann kvað viðskiptavinum W hafa haft viðskiptastjóra í bankanum sem væri tengiliður við viðkomandi deildir bankans. Hann taldi Í eða K hafa verið viðskiptastjóra Z í bankanum á þessum tíma. Hann kvað sig minna að umræða hefði verið uppi um að Y tæki þátt í kaupunum á Ð. Hann gat ekki fullyrt um það með hvaða hætti það yrði. Hann vissi ekki hver innan bankans gegndi hvaða hlutverki í þessum hugmyndum. Hann hefði ekki verið með í viðræðum um þetta og hann viti ekki hvort Y hefði átt þar hlut að máli. Hann vissi af samskiptum ákærða við bankann vegna reiknings nr. [...] sem Y átti en hann viti ekki hvort ákærði átti í einhverjum samskiptum við bankann vegna hugmyndanna um kaupin á Ð. Vitnið kvað skjöl sem liggja frammi vegna opnunar reikningsins sem um ræðir vera stöðluð opnarskjöl fyrir þá sem opna reikning og þessi skjöl væru fyrir lögaðila. Hann kvað þá Í hafa verið stadda hér á landi í öðrum erindagjörðum en í leiðinni hitt ákærða sem undirritaði skjölin 17. apríl 2005. I kvaðst hafa fyllt skjalið út. Ivar spurður út í umboð sem D veitti ákærða og vísað var til að framan er rakinn var vitnisburður D. I kvað þetta vera almennt umboð til einhvers að fara með reikning í W og að skjalið virðist tengjast reikningi [...] en hann mundi ekki eftir neinum öðrum sérstökum tengslum skjalsins við atvik málsins. Hann mundi ekki eftir móttöku skjalsins í bankanum eða frá hverjum það barst.

Hinn 22. apríl 2005 voru millifærðar 46,5 milljónir dollara af reikningi Y í New York inn á reikning W nr. [...]. I kvaðst hafa unnið náð með Í og það skýri hvers vegna hann hafi fengið tölvupóstsamskipti sem látti við ýmsa og hafi hann þá sent sér póst til upplýsingar. I vissi ekki hver tilgangurinn var með opnun reiknings Y hjá W.

I var spurður um millifærslu af reikningi Y hinn 25. apríl 2005 inn á reikning Z sem í ákæru greinir. Hann vissi ekki atvik að baki þeirri millifærslu. Hann hafi ekki átt þátt í að framkvæma hana innan bankans. Það hafi verið á verksviði viðskiptastjóra að sjá um millifærslu sem þessa. Hann kvaðst engin samskipti hafa átt við ákærða um þessa millifærslu og hann vissi ekki hver ákvað að hún skyldi gerð. I kannaðist óljóst við fjárvörslusamning milli Y og W, dagsettan 25. apríl 2005, og kvað skjöl sama efnis mjög algeng í bankaviðskiptum í Lúxemborg. Aðalefni sammingsins er það að Y leggur inn pening og bankinn lánar á móti þriðja aðila sem sammingsaðili, hér Y, tiltekur, á kjörum sem samið sé um. Hann kvað aðdraganda sammingsins hafa snúist um hugmyndir sem uppi voru varðandi kaup á Ð. I kvað C hafa haft samskipti við sig til að reyna að fá upplýsingar um bankareikning félagsins sem hér um ræðir í maí og júní 2005. Hann kvað almenna reglu vera þá að tiltekið sé í opnunarskjölum hverjir hafi heimild á vegum einstaklings eða félags til þess að eiga samskipti við bankann. Í þessu tilviki hafi það verið ákærði og D og því hafi aðrir ekki verið með aðgang að reikningnum. Hann kvaðst ekki muna til þess að ákærði hefði lagt til einhvers konar leynd um reikninginn sem um ræðir og taldi hann að að lokum hefði ákærði óskað eftir því að upplýsingar yrðu veittar um reikninginn. Hann taldi C hafa fengið upplýsingar að lokum.

Fyrir liggur tölvupóstur frá ákærða til I, dagsettur 30. júní 2005, þar sem ákærði gefur upp eban-reikningsnúmer Y hér á landi og fjárhæðina 46.744.125 USD. I taldi þetta vera vegna endurgreiðslu. Hann viti ekki hvers vegna ákærði sendi honum þennan póst en I áframsendi póstin á K sem átti að annast málið. Hann gat þannig ekkert borið um aðdraganda eða samhengi þess að ákærði sendi honum póstin. Hann gat ekki borið um fjármögnun endurgreiðslu Z og vissi ekkert um lánasamning Z við W sem dagsettur er 30. júní 2005. Hann gat ekkert borið um ábyrgðarsamning, dagsettan 30. júní 2005, þar sem ákærði gengst í ábyrgð eins og rakið hefur verið og vissi ekkert um atvik sem að baki lágu.

Fyrir liggur svar W, dagsett 24. febrúar 2006, við fyrirspurn endurskoðanda Y um reikninginn sem um ræðir, þar segir m.a.: „Eftirfarandi færslur áttu sér stað á reikningi [...] á árinu 2005: 22.04.05 Fé mótttekið USD 46.500.000,00 30.06.05 Fé fært út USD 46.744.137,00.“ I kvað svörin takmarkast af fyrirspurn endurskoðandans. Hinn 26. febrúar 2006 sendi endurskoðandinn frekari fyrirspurnir vegna reikningsins. Þar er spurt hvort einhverjar frekari hreyfingar hafi átt sér stað á reikningum á árinu 2005. Bankinn svaraði á ensku með bréfi, dagsettu 16. mars 2006, en í þýðingu löggilts skjalapýðanda segir um þetta: „Hreyfingar á reikningnum, skv. fyrirmælum Y, fólust einungis í móttöku fjár frá félaginu og að leggja það inn, en Y kreditfærði höfuðstól að upphæð USD 46.500.000. Sérhverjar aðrar hreyfingar eða færslur myndu hafa verið háðar fyrirmælum frá Y Höfuðstóllinn var ekki settur á fasta innlánskilmála þar sem vaxtatími og vaxtakjör eru sett til ákveðins tíma. Þess vegna var höfuðstóllinn og uppsafnaðir vextir til reiðu tilúttektar að óska og vilja Y á hvaða tímapunkti sem er. Vaxtakjörin voru í

samræmi við eðlilegar markaðsaðstæður v. USD á tímabilinu og sú staðreynd að höfuðstóllinn var ekki settur á ákveðinn innlámsmörk hvað tímalengd varðar endurspeglast í vaxtakjörum“. Nánar spurður um þetta kvaðst I vísa til svara sinna hjá lögreglu um þetta en þar sagði hann að hálfur sannleikur hefði verið sagður um þetta. Nánar spurður hvort þetta væru einu hreyfingar á reikningnum á þessum tíma sem Y væri bundinn af kvaðst hann ekki geta sagt að svo væri þar sem hreyfingarlistinn sem nefndur var segi aðra sögu. Nánar spurður um þetta og hvort nokkuð færi á milli mála að fjármunirnir sem um ræðir og uppsafnaðir vextir hefðu verið til reiðu og til ráðstöfunar af hálfu Y kvaðst hann ekki geta svarað því þannig og að engar aðrar millifærslur hafi verið á reikningum miðað við það sem fram hefur komið. I vísaði til svaranna sem gefin voru og kvað meininguna hafa verið þá að svara spurningum endurskoðandans.

I kvað reikningseigandann fá sendan svokallað Account Statement eða reikningsyfirlit eins og mælt sé fyrir um í reikningsskilmálum. Nánar spurður vissi hann ekki hvernig þessu var háttað hjá bankanum og hvort önnur yfirlit voru send.

I lýsti því að til að opna reikning í nafni skráðs hlutafélags þá hafi opinber skjöl verið lögð til grundvallar meðal annars hverjir hefðu heimildir fyrir hönd viðkomandi félags. Í því tilviki sem hér um ræðir hafi ákærði haft þessar heimildir og þar sem nafn A framkvæmdastjóra hafi komið fram á skjölun hafi hann einnig haft sömu heimildir. I lýsti ferli innan bankans áður en reikningur sé opnaður. Hann kvað nefnd innan bankans fara yfir málið og samþykkja opnun reiknings. Það eigi því að vera þannig að fyrst eftir þetta ferli og samþykki reiknings sé unnt að nota hann. Bankinn eigi að varðveita frumrit opnunarskjala.

I kvað tímælalaust að bankinn ætti að hafa undir höndum gögn sem sýndu hver gaf fyrirmæli eða lét millifæra af reikningum hinn 25. apríl 2005. Þetta ætti að vera í formi hljóðritaðs eða skráðs símtals, tölvupósts eða á annan bréflegan hátt. Gögn eigi að liggja fyrir frá reikningshafa um millifærslu. Hún gerist ekki öðruvísi. Spurður um hvaða gögn bankinn hafði undir höndum sem sýni að ákærði hefði gefið þessi fyrirmæli vísaði hann til þess sem rakið var en engin slík gögn liggja frammi í málinu. Spurður hvort slík gögn væru hjá bankanum kvað hann þau eiga að liggja fyrir.

Vitnið Í var forstöðumaður einkabankaþjónustu W á þeim tíma sem í ákæru greinir. Hann kvaðst ekkert hlutverk hafa haft innan W að því er varðar kaup Z á Ð.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Í, dagsettur 21. apríl 2005, þar sem virðist rætt um aðkomu Y að kaupunum á Ð. Spurður um það hverju hann hafi verið að koma á framfæri við samstarfsmenn sína í póstinum kvaðst hann ekki muna eftir erindinu eða póstinum. Hann kvaðst engar hugmyndir eða ráðagerðir hafa rætt við ákærða um aðkomu Y að kaupum á Ð.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Í, dagsettur 25. apríl 2005, þar sem fram kemur að Y muni greiða DKK 262,2 milljónir. Hann kvað póstin bera með sér að þarna sé greint frá því að Y ætli að greiða tilgreinda fjárhæð vegna viðskiptanna með Ð. Í kvaðst telja að hann hefði fengið þessar upplýsingar frá L en hann hefði verið í samskiptum við hann vegna ýmissa mála. Í minnti að hann hefði setið fund ásamt L og ákærða er hugmyndir um þátttöku Y í kaupum á Ð voru ræddar. Aðspurður hvort einhver frá Y hefði verið í samskiptum við vitnið eða aðra starfsmenn W vegna

Þátttöku Y í kaupunum kvaðst Í ekki muna eftir neinum frá Y sem hann var í samskiptum við vegna þessa. Hann geti ekki svarað fyrir aðra starfsmenn bankans. Fyrir liggja skjöl frá bankanum sem gera ráð fyrir greiðslu frá Y vegna kaupanna á Ð. Í taldi líklegast að skjölin hefðu verið unnin í lögfræðideild bankans.

Í vissi ekki hver útbjó greiðslufyrirmæli um greiðslu frá Y til Z vegna þessa. Spurður um opnun reiknings Y hjá W kvaðst Í ekki geta sagt neitt um stofnun reikningsins og mundi ekki eftir neinni aðkomu sinni að stofnun hans.

Í var spurður út í ódagsett umboð til ákærða sem áður hefur verið rakið. Hann kannaðist við formið en gat ekkert borið um skjalið eða hvers vegna það var gefið út.

Hinn 22. apríl 2005 sendið vitnið tölvupóst til ákærða og afrit á I. Efnið var millifærsla Bandaríkjadollara inn á reikning W. Í gerði ráð fyrir að pósturinn varðaði millifærslu af reikningi Y í New York inn á reikning Y í W hinn 22. apríl 2005. Hann mundi ekki aðdraganda þessa. Hann kvað þessa millifærslu í minningunni vera vegna fyrirhugaðrar þátttöku Y í kaupunum á Ð.

Hinn 25. apríl 2005 var fjármunum á reikningi W skipt í íslenskar krónur og í framhaldinu lagðir inn á reikning Z í W. Í vissi ekki hver ákvað að þessir fjármunir yrðu færðir á reikning Z. Spurður um það hvernig svona millifærsla hafi farið fram í bankanum kvað hann reikningseiganda eða umboðsmann hans þurfa að gefa fyrirmæli um millifærslu sem hafi þurft að vera staðfest í hljóðrituðu símtali, með tölvupósti með netfangi réttthafa eða með skriflegum fyrirmælum um millifærslu. Í gat ekki skýrt hvers vegna engin skjallæg gögn um millifærsluna hefðu ekki verið til í bankanum og hann viti ekki hvort þau séu til. Hann kvaðst hvorki muna né vita hvort ákærði gaf fyrirmæli um millifærsluna á reikning Z. Hann viti ekki hvaða starfsmaður W kunni að hafa tekið við fyrirmælum er varða millifærsluna og hann kvað sér ekki kunnugt um neitt er varðar millifærsluna. Hann mundi ekki hvort hann hafði eitthvert samanband við einhvern af prókúruhöfum Y áður en millifærslan átti sér stað. Hann taldi ólíklegt að millifærslan hefði átt sér stað fyrir mistök. Hann kvað viðskiptastjóra ekki annast millifærslur sem þessa. Fyrirmæli fari til bakvinnslu bankans þar sem vinna vegna hennar fer fram. Í staðfesti að yfirlit frá bankanum meðal gagna málsins sýndi að inn á reikning Y hefðu verið lagðar 46,5 milljónir dollara hinn 22. apríl 2005. Hinn 25. s.m. hafi fjárhæðinni verið skipt í 2.875.000.000 íslenskra króna og sú fjárhæð hafi síðan sama dag verið millifærð á reikning Z eignarhaldsfélags í bankanum. Hann kvað síðan sjást á yfirlitinu að sama fjárhæð var bakfærð 2. júní 2005 en hann gat ekki skýrt þá aðgerð frekar. Nánar spurður um skjalið þar sem þessar upplýsingar koma fram kvað hann þetta ekki skjal sem sent sé viðskiptavini. Skjalið komi úr upplýsingakerfi bankans og sé ekki sent viðskiptavini. Hann kvað sérstakt form sem ber heitið Account Statement vera reikningsyfirlit sem viðskiptavinir fái sent nema merkt hafi verið í sérstakan reit í opnunarskjölum um að yfirlit skyldi ekki sent.

Fyrir liggur fjárvörslusamningur milli W og Y, dagsettur 25. apríl 2005, og var hann borinn undir vitnið og vissi hann ekkert um skjalið eða tilurð þess.

Í var spurður hvort L eða ákærði hefðu óskað eftir því við hann að leynd myndi ríkja um reikning Y í W. Í kvað ekki hafa verið farið fram á leynd en hann

minnti að rætt hefði verið um það að reikningseiganda yrðu ekki send yfirlit eða önnur skjöl er vörðuðu reikninginn. Í kvað opnunarskjöl reikningsins bera með sér að senda átti út yfirlit og það hafi verið gert í samræmi við þau þar sem ekki var óskað eftir öðru. Í kvað L hafa rætt við sig eftir sendingu yfirlitsins og lýst óánægju sinni en það hafi engu skipt þar sem sending yfirlits hefði verið í samræmi við óskir reikningseigandans og fyrirkomulagi sé ekki breytt nema með samþykki hans.

Í mundi aðeins eftir einu símtali við C þar sem hann óskaði eftir því að fá upplýsingar um reikninginn sem um ræðir. Samkvæmt reglum bankans og opnunarskjölum reikningsins hafi ákærði verið sá sem átti að fá upplýsingarnar um reikninginn.

Hinn 30. júní 2005 lánaði W Z fjárhæð sem var greidd inn á reikning Y W. Í hafði engin afskipti af lánessamningnum vegna lánsins til Z og gat ekkert borið um efni hans eða mál tengd þessu.

Vitnið G var lögfræðingur á fyrirtækjasviði W á þeim tíma sem í ákæru greinir. Hann kvaðst hafa fengið það hlutverk að útbúa ákveðinn skjalapakka sem tengdist lánveitingu til Z og þá væntanlega vegna kaupa Z á Ð. Hann kvaðst hafa fengið upplýsingarnar frá Í, M og I til að geta útbúið skjölin. Borin var undir vitnið tölvupóstur frá 25. apríl 2005 en hann kvað svo langt um liðið að hann myndi ekki eftir póstinum. Hann kvað sér ekki hafa verið kunnugt um hugmyndir um það að Y tæki einhvern þátt í kaupum á Ð. Hann var spurður um fjármunina sem runnu frá Z til Y í krafti lánveitingar W til Z og ábyrgðaryfirlýsingar ákærða. G mundi ekki eftir því hver fól honum að vinna skjalið. Hann kvaðst ekkert geta borið um millifærslurnar á reikningi Y sem í ákæru greinir.

Vitnið J var spurður um tölvupósta frá 16. maí 2005. Hann mundi ekki eftir þeim. Hann kvað þó ótal mál geta komið til greina en vitnið hafði annast fjárfestingafélag í eigu ákærða og hafi ýmis umsvif þess verið mikil og meðal annars samskipti við W. J kvað hið sama svar eiga við um tölvupóst frá 6. júní 2005. Hann myndi ekki eftir efni póstanna og hið sama ætti við um tölvupóst vitnisins til ákærða frá 14. júní 2005.

Vitnið C var forstöðumaður hjá Y þar til í maí 2005 er hann tók við starfi fjármálastjóra en hann varð prókúruhafi félagsins frá mars 2005. Hann kvaðst ekkert hafa komið að stofnun reiknings Y nr. [...] í W en kvaðst hins vegar hafa gefið fyrirmæli um millifærslu á reikning félagsins í W af reikningi í New York. Hann kvaðst ekki hafa gefið fyrirmæli um millifærslu af reikningi félagsins inn á reikning Z en C kvaðst á þeim tíma ekki hafa haft aðgang að reikningnum en félagið hafði ekki aðra reikninga í W. C sendi ákærða tölvupóst 21. apríl 2005 þar segir m.a. að C þurfi að vita fjárhæð, mynt og greiðslufyrirmæli til að geta komið þessum peningum á sinn stað á morgun eins og segir í skeytinu. Spurður um efni þessa pósts kvaðst C hafa frétt af reikningnum í W er hann var staddur í London er A hringdi og lét vita að stofnun reikningsins stæði til. A hefði greint svo frá að tilgangur með stofnun reikningsins hefði verið sá að vera reiðubúinn með peninga til þess að sýna fram á fjárhagslega getu og fjárhagslegan vilja og fjármunirnir áttu að vera aðgengilegir félaginu inni á reikningnum. Síðar í skýrslutökunni kvaðst hann ekki vissum það hvort þessar upplýsingar voru frá A en ákærði hefði síðar greint sér svona frá. Það hafi verið hlutverk hans að losa fjármuni úr ávöxtun og tryggja að þeir færu áfram samkvæmt fyrirmælum. Hann kvað S hafa beint

fyrirmælum til sín um að framkvæma millifærsluna eftir að ákærði hafi beðið A um þetta. Upplýsingarnar um fjárhæðina og tegund myntar, það er 46,5 milljónir dollara sem millifæra áttu, áttu að komu frá ákærða og hann hafi beint erindinu til ákærða þar sem hann var sá eini sem hafði upplýsingarnar um reikninginn samkvæmt hans minni.

Fyrir liggur tölvupóstur C til ákærða, dagsettur 3. maí 2005, þar sem spurt er um pappíra til að geta látið bókfæra millifærsluna að fjárhæð 46,5 milljónir dollara sem lagðir voru inn á reikning í W. Ákærði svaraði með tölvupósti síðar sama dag og sagði að enn sem komið væri, væru fjármunirnir „deposit á okkar reikning“ og bæri að færa sem handbært fé. C mundi ekki eftir þessum samskiptum en kvaðst síðar, seint í maí eða júní 2005, hafa gengið illa að fá yfirlit um reikninginn nr. [...]. Hann kvaðst síðar hafa fengið aðgang að reikningnum og kvaðst hann hafa séð að peningarnir hefðu farið af honum á ákveðnum tímapunkti. Hann taldi sig ekki hafa fengið aðgang að reikningnum fyrr en eftir að hann fékk umboð frá D um aðganginn, en umboðið er dagsett 28. júní 2005. Hann mundi ekki hvenær hann fékk upplýsingarnar um færsluna til Z en eftir það hefði hann leitað eftir svörum frá ákærða. Fram að því hafði hann fengið svör um mistök og að peningarnir ættu að vera aðgengilegir félaginu. C kvað forstjóra félagsins hafa vitað af millifærslu af reikningi félagsins sama dag og það varð ljóst. Hann kvað þá stöðu hafa verið uppi að endurskoðandi félagsins hefði gert athugasemd við árshlutareikning félagsins ef ekki væru til staðar staðfestingar frá W um að féð væri félaginu aðgengilegt. Hann kvað þrýsting vegna þessa hafa orðið til þess að peningarnir skiluðu sér. Hann viti ekki hvernig það gerðist. C kvaðst ekkert vita um millifærsluna af reikningi Y á reikning Z hinn 25. apríl 2005.

Vitnið B var framkvæmdarstjóri hjá Y í apríl 2005 en hún varð forstjóri félagsins 1. júní sama ár. Hún kvað sér ekki hafa verið kunnugt um millifærslurnar sem í ákæru greinir á þeim tíma sem þær áttu sér stað. Hún mundi ekki hvenær hún frétti af millifærslunni yfir á reikning Z en svo langt sem hún muni kvað hún millifærsluna ekki hafa verið fullskýrða og hún ásamt fjármálastjóra hafi tekið að leita skýringa á henni. W hafi borið fyrir sig bankaleynd og að stofnandi reiknings hefði einn aðgang að reikningnum í bankanum. Hún kvaðst hafa rætt þetta við ákærða í síma og hjá honum hafi komið fram að peningarnir væru til taks fyrir félagið og þau ættu að geta fengið allar upplýsingar frá bankanum um reikninginn. Hún kvað peningana hafa skilað sér til Y hinn 30. júní 2005 en hún hafi ekki vitað þá hvernig það gerðist.

Vitnið A var forstjóri Y og einn af prókúruhöfum á þeim tíma sem í ákæru greinir en lét af störfum 1. júní 2005. Hann kvaðst engan þátt hafa átt í stofnun reikningsins í W og hann hafi ekki framkvæmt millifærslurnar inn á eða út af þeim reikningi. A var spurður um millifærslu inn á reikning Y hinn 22. apríl 2005 að fjárhæð 46,5 milljónir dollara. Hann kvaðst enga aðkomu hafa haft af þessu. Hann kvaðst hafa heyrt að skjöl vantaði vegna millifærslunnar en hann hefði aldrei haft vitneskju um það á þeim tíma að fjármunir hefðu farið úr umráðum félagsins.

Vitnið N kvaðst ekki hafa, sem stjórnarmaður og varaformaður stjórnar Y í apríl 2005, haft einhverja vitneskju um það að til hafi hugsanlega staðið að félagið tæki þátt í viðskiptum Z með Ð. Hann hafði enga vitneskju um millifærslu af reikningi Y í W á reikning Z hinn 25. apríl 2005. Hann kvaðst fyrst hafa frétt af málinu um miðjan júní 2005.

Vitnið O var stjórnarmaður í Y á þeim tíma sem hér um ræðir. Hann hafi ekki haft vitneskju um það að hugmyndir væru uppi um að Y tæki þátt í kaupum Z á Ð. Hann kvaðst ekki hafa vitað af millifærslu af reikningi Y í W hinn 25. apríl 2005 inn á reikning Z. Það hefði ekki komið til umræðu í stjórn félagsins.

Vitnið P var stjórnarmaður Y á þessum tíma. Hún, sem stjórnarmaður í félaginu, hefði ekki haft vitneskju um að uppi væru hugmyndir um að Y tæki þátt í kaupum Z á Ð. Hún hefði ekki fyrr en 30. júní 2005 vitað af millifærslu af reikningi Y hinn 25. apríl 2005 inn á reikning Z er forstjórinn greindi henni frá því sama dag og stjórnarfundur var haldinn.

Vitnið R var stjórnarmaður Y á þeim tíma sem hér um ræðir. Hann kvað það ekki hafa verið rætt í stjórn félagsins að til stæði að Y tæki þátt í kaupum Z á Ð. Hann kvað millifærslu inn á reikning Z hinn 25. apríl 2005 aldrei hafa verið rædda í stjórn félagsins.

Vitnið S var stjórnarmaður Y á þessum tíma. Hann kvaðst ekki muna hvort hugmyndir hefðu verið um að Y tæki hugsanlega þátt í kaupum á Ð. Hann kvað millifærsluna á reikning Z hinn 25. apríl 2005 aldrei hafa verið rædda í stjórn félagsins.

Vitnið T var stjórnarmaður Y á þessum tíma. Hann kvað aldrei hafa verið formlega rætt í stjórninni að til þess gæti komið eða að hugmyndir væru uppi um það að Y tæki þátt í kaupum Z á Ð. Þetta hefði verið viðrað utan stjórnar bæði af stjórnarformanni og öðrum stjórnarmönnum sem ræddu ýmsa viðskiptamöguleika eins og gengur. Hann kvað millifærslu inn á reikning Z hinn 25. apríl 2005 aldrei hafa verið rædda í stjórn félagsins meðan vitnið sat þar.

Vitnið H var endurskoðandi félagsins og átti samskipti við W vegna þess og leitaði upplýsinga frá bankanum. Hann kvað svör bankans koma heim og saman við það sem fram kom í bókhaldi félagsins. Vitnið sendi bankanum frekari fyrirspurnir og sendi tölvupóst hinn 26. febrúar 2006 en megin tilgangur sinn hafi verið sá að ganga úr skugga um hvort lánveiting til Z hefði átt sér stað. Hann kvað sinn skilning hafa verið þann að peningarnir hefðu verið til reiðu fyrir félagið allan tímann frá því að þeir voru lagðir inn á reikning félagsins. Hann kvað að hann hefði borið fram frekari fyrirspurnir hefði hann vitað af millifærslunni á reikning Z.

Vitnið L kvaðst hafa setið tvo stjórnarfundu Y á sínum tíma og vita deili á ákærða en ekkert hafa þekkt hann. Hann kvað þá ákærða ekki hafa verið með neinar hugleiðingar eða ráðagerðir um að Y tæki þátt í kaupum Z á Ð. Borin voru undir L nokkrir tölvupóstar og við marga þeirra kannaðist hann ekki. Suma póstana kvað hann ekkert skýra fyrir sér en hann kvaðst hafa verið í samskiptum við Í hjá W um mörg mál en ekki um mál Y. Hann kvað hugmyndina um kaup á Ð hafa komið frá W og hann hafi örugglega rætt þetta við Í hjá W en Y hafi þar ekki borið á góma. Spurður um lánasamning Z í W og greiðslu til baka hinn 30. júní 2005 kvaðst L ekki muna eftir þessu skjali og mundi ekki eftir gerð lánasamningsins þótt hann dragi ekki í efa undirritun sína á skjölin. Svo langur tími sé liðinn að hann muni ekki eftir þessu. L var spurður um ábyrgðarmenn á samningnum sem hafi verið ákærði og F. L kvaðst ekkert kannast við þessa ráðstöfun. Hann tók fram að hann setji spurningamerki við flest sem frá þessum banka hafi komið og skýrði

hann þetta. Hann kvaðst hafa tekið lán hjá bankanum en hann geti ekki svarað fyrir það sem gerðist innan bankans.

Vitnið E var enn prókúruhafa Y í apríl 2005. Hann kvaðst hvorki hafa átt frumkvæði að eða komið að stofnun reikningsins í W í apríl 2005 og hann hafi sem prókúruhafi engin fyrirmæli gefið um færslur inn á eða út af þeim reikningi.

### Niðurstaða

Ákærði, sem var starfandi stjórnarformaður Y á þeim tíma sem í ákæru greinir, neitar sök. Í röksemdakafli ákæru segir að sakargögn bendi til þess að millifærslan af reikningi Y í W hinn 25. apríl 2005 inn á reikning Z í sama banka hafi tengst áformum ákærða um þátttöku Y í kaupum Z á Ð og að um þessi áform ákærða hafi þáverandi forstjóra, fjármálastjóra og öðrum stjórnarmeðlimum en ákærða verið ókunnugt og engin ákvörðun hafi verið tekin um þetta að hálfu félagsins. Ákærði neitar því að hafa haft þessi áform. Ekkert er um þetta í gögnum málsins og engin vitnisburður utan vitnið T sem kvað þetta hafa borið á góma er ræddar voru ýmsar viðskiptahugmyndir.

Með framburði ákærða, vitnisburði C og með öðrum gögnum málsins er sannað að ákærði lét millifæra 46,5 milljónir Bandaríkjadala af bankareikningi Y í útibúi Danske Bank í New York inn á bankareikning Y nr. [...] í W en reikningurinn var stofnaður 17. apríl 2005 og samkvæmt gögnum málsins var hann samþykktur af bankanum til opunar hinn 27. apríl 2005. Í ákærunni segir að ákærði hafi samkvæmt sérstöku umboði, sem barst bankanum 20. apríl 2005, haft fullt og ótakmarkað umboð til ráðstafana á fjármunum félagsins á þessum bankareikningi. Er hér vísað til ódagsetts umboðs sem D undirritaði sem prókúruhafi Y til handa ákærða. Með vísan til vitnisburðar D og framburðar ákærða er lagt til grundvallar að ákærði hafi undirritað skjalið.

Í ákærunni segir að hinn 25. apríl 2005 hafi 45.864.241,84 Bandaríkjadöllum verið skipt yfir í 2.875.000.000 íslenskra króna í gjaldeyrisviðskiptum á nefndum bankareikningi Y í W. Ákærða er ekki gefið að sök að hafa látið gera þetta eins og ákært er varðandi millifærsluna sjálfa til Z. Ekkert segir ákærunni um það hvers vegna þetta var gert, hver ákvað þetta eða gaf fyrirmæli um þetta. Ekkert verður ráðið um þetta af gögnum málsins og enginn vitnisburður skýrir þetta. Þessi hluti málsins er því óupplýstur.

Meint fjárdráttarbrot ákærða er af hálfu ákæruvaldsins talið fullframið er ákærði lét millifæra fjármunina á bankareikning Z hinn 25. apríl 2005 eins og segir í ákærunni. Ákærði telur enga bindandi millifærslu fyrir hendi gagnvart Y, ekkert slíkt hafi átt sér stað og vísaði hann í því sambandi til reikningsyfirlita sem liggja fyrir, þar sem þessarar millifærslu sé ekki getið og reikningsyfirlitin séu það sem bindi bankann gagnvart félaginu. Þá vísaði ákærði til svars bankans við fyrirspurn endurskoðanda Y þar sem ekkert kom fram um millifærsluna sem hér um ræðir. Auk þessa bendir ákærði á að reikningur félagsins í W hafi ekki verið samþykktur til notkunar fyrr en 27. apríl 2005 eða tveimur dögum eftir hina umdeildu millifærslu.

Samkvæmt opunarskjölum reikningsins í bankanum átti að senda reikningseiganda, þ.e. Y, mánaðarlegt reikningsyfirlit. Ekki var merkt í þar til gerðan reit á opunarskjölunum sem hefði þurft að gera hefði staðið til að senda ekki póst til reikningseiganda. Samkvæmt þessu átti Y að fá reikningsyfirlit mánaðarlega sem sýndu stöðu reikningsins. Ákærði neitar að hann hafi gefið bankanum fyrirmæli um eitthvað annað. Verður að telja ólíklegt að breyting hefði verið gerð á þessu fyrirkomulagi, andstætt fyrirmælum á opunarskjölunum reikningsins, nema samkvæmt sannanlegum fyrirmælum frá reikningseiganda eða forsvarsmanni hans, eins og ráða má af vitnisburði Í.

Undir aðalmeðferð málsins bar leynd nefnds bankareiknings nokkuð á góma en samkvæmt því sem rakið var sýnist engin leynd hafa verið yfir reikningnum og vitnið I bar að ákærði hefði ekki lagt til að nein leynd hvíldi yfir reikningnum. Þá verður ekki ráðið af skjölum um opun reikningsins sem ákærði undirritaði að leynd ætti að ríkja um reikninginn, þvert á móti, svo sem rakið hefur verið.

Hvað varðar svör W, dagsett 16. mars 2006 sem rakið er á bls. 9 að framan, við fyrirspurn endurskoðanda Y um hreyfingar á reikningnum vísast til vitnisburðar I og Í en vitnisburður þeirra um þetta er ótraustur og óskýr. Hefur ekki verið skýrt á trúverðugan hátt hvers vegna bankinn svaraði ekki á fullnægjandi hátt spurningum endurskoðanda félagsins. Það er hins vegar mat dómsins að með vinnuskjölum bankans sem sýna hreyfingar á títtnefndum bankareikningi, og með vitnisburði Í, I og C, sé sannað að millifærðar voru 2.875.000.000 króna á bankareikning Z, eins og lýst er í ákærinni. Óupplýst er í málinu hvernig það gat átt sér stað tveimur dögum áður en bankareikningurinn var samþykktur til notkunar samkvæmt áritun á opunarskjöl reikningsins en vitnið I kvað að fyrst eftir samþykki reiknings ætti að vera hægt að nota hann.

Eins og rakið var neitar ákærði að hafa látið millifæra fjármunina. Samkvæmt vitnisburði I vissi hann ekkert um atvik að baki millifærslunni sem hér um ræðir. Hann vissi ekki hver ákvað hana og hann átti engin samskipti við ákærða vegna hennar. Vitnið I kvað bankann eiga að hafa undir höndum gögn sem sýni hver gaf fyrirmæli eða lét millifæra af bankareikningnum hinn 25. apríl 2005. Gögnin gætu verið hljóðritað eða skráð símtal, tölvupóstur eða önnur skjallag gögn frá reikningshafa um millifærsluna. Öðruvísi verði hún ekki gerð.

Vitnið Í kvað sér ekki kunnugt um neitt er varðaði millifærsluna á reikning Z. Hann bar á sama hátt og vitnið I um hvað þyrfti að koma til svo unnt væri að millifæra af reikningi félags. Hann hvorki mundi né vissi hvort ákærði gaf fyrirmæli um þetta og hann vissi heldur ekki hvaða starfsmaður bankans kynni að hafa tekið við fyrirmælum varðandi þetta.

Vitnið G gat ekkert borið um millifærsluna.

Þau þrjú vitni sem nefnd voru og öll voru starfsmenn W hafa samkvæmt þessu engu ljósi getað varpað á millifærsluna eða hvaða starfsmaður bankans annaðist hana. Þá er, eins og rakið var að framan, allt óupplýst um það er fjárhæðinni á bankareikningi Y var skipt yfir í 2.875.000.000 íslenskra króna sama dag, þ.e. 25. apríl 2005.

Undir aðalmeðferð málsins voru borin undir ákærða og vitni tölvupóstar um ýmis samskipti sem af hálfu ákæruvaldsins eru talin renna stoðum undir sakargiftir á hendur ákærða. Ákærði á ekki aðild að öllum þessum samskiptum. Tölvupóstar liggja fyrir þar sem ákærði kemur við sögu varðandi millifærslur á reikninginn í W. Allt eru þetta samskipti um tilfærslur o.fl. sem áttu sér stað fyrir 25. apríl 2005 og hafa verið raktar að framan. Skýringar ákærða og vitna á mörgum þessum tölvupóstum hafa verið raktar eins og minni viðkomandi náði en ekki eru allar skýringar ákærða eða vitna trúverðugar. Hafa ber þó hugfast að nærri tíu ár eru liðin frá þessum samskiptum. Það ræður hins vegar ekki úrslitum í málinu þar sem engir tölvupóstar, öðrum gögnum eða vitnisburði er til að dreifa um millifærsluna á reikning Z hinn 25. apríl 2005. Þótt fjárhæðin sem millifærð var fyrir 25. apríl 2005, og ákærði og aðrir hafa skýrt að minnsta kosti að hluta, sé sambærileg millifærslunni á bankareikning Z 25. apríl 2005 dugar það ekki, gegn neitun ákærða, sem sönnun fyrir því að hann hafi látið millifæra á reikning Z þennan dag enda enginn vitnisburður eða önnur gögn um það eins og rakið var. Algjör skortur gagna og/eða upplýsinga frá W um þetta sætir furðu eins og síðar verður rakið.

Fyrir liggur að Z endurgreiddi Y fjármunina ásamt vöxtum hinn 30. júní 2005 og varð Y því ekki fyrir fjártjóni. Fyrir liggur lánasamningur Z hjá W vegna endurgreiðslunnar til Y. Hvorki lánasamningurinn, fjárvörslusamningurinn, sem bar á góma að ofan, né önnur gögn varðandi þennan hluta málsins, sem er illa upplýstur, nægja til þess að slá því föstu, gegn neitun ákærða, að hann hafi látið millifæra fjárhæðina yfir á reikning Z hinn 25. apríl 2005.

Samkvæmt því sem rakið hefur verið eru engin gögn frá W um millifærsluna á reikning Z hinn 25. apríl 2005. Vitni sem störfuðu við bankann á þeim tíma sem hér um ræðir gátu ekkert upplýst um þetta. Þá benda sum gögn frá bankanum, eins og svör bankans til endurskoðanda Y sem rakin voru að framan, til þess, að engin millifærsla til Z hafi átt sér stað og féð á bakareikningi nr. [...] hafi allan tímann verið Y aðgengilegt. Allt sætir þetta nokkurri furðu og engar fullnægjandi skýringar hafa komið fram um þetta. Ákæruvaldið verður að bera hallan vegna algjörs skorts á gögnum frá W um millifærsluna til Z auk þess sem engin vitnisburður skýrir hana eins og rakið hefur verið.

Að öllu ofanrituðu virtu og öðrum gögnum málsins er ósannað, gegn eindreginni neitun ákærða, að hann hafi látið millifæra 2.875.000.000 króna af bankareikningi Y yfir á bankareikning Z hinn 25. apríl 2005. Ber samkvæmt þessu að sýkna ákærða af fjárdrætti.

Til vara er ákært fyrir umboðssvik með því að hafa „með framangreindri háttsemi misnotað þá aðstöðu sem hann fékk í krafti umboðs til ráðstöfunar á fjármunum Y á bankareikningi félagsins í W og valdið Y verulegri fjártjónshættu með einhliða ráðstöfunum fjármuna félagsins til Z eignarhaldsfélags án þess að gera nokkrar ráðstafanir til að tryggja hagsmunum Y en ráðstöfunin var ekki þáttur í viðskiptum félagsins.“ Hin meintu umboðssvik varða sömu háttsemi ákærða sem í aðalkröfu eru talin fjárdráttur. Ákærði var að framan sýknaður af því að hafa farnið þá háttsemi sem um ræðir, þ.e. að hafa látið millifæra fjármunina af reikningi Y til Z. Af þeirri niðurstöðu leiðir að sýkna ber ákærða einnig af umboðssvikum.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin 9.958.905 króna málsvarnarlaun Gísla Guðna Hall hæstaréttarlögmanns en þóknun lögmannsins er fyrir vinnu undir rannsókn málsins og dómsmeðferð og hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts við ákvörðun þóknunar verjandans. Þá greiði ríkissjóður 19.384 evru og 413.655 krónur vegna útlagðs sakarkostnaðar verjandans.

Finnur Þór Vilhjálmsson aðstoðarsaksóknari flutti málið fyrir ákærvaldið.

Guðjón St. Marteinnsson héraðsdómari kveður upp dóminn.

### **Dómsorð:**

Ákærði, X, er sýknaður af kröfum ákærvaldsins.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin 9.958.905 króna málsvarnarlaun Gísla Guðna Hall hæstaréttarlögmanns. Þá greiði ríkissjóður 19.384 evru og 413.655 krónur vegna útlagðs sakarkostnaðar verjandans.

Guðjón St. Marteinnsson